



Hernámið 1940-45 – The occupation, World War II

Þann 10. maí 1940 hernámu Bretar Ísland og gengu á land í Reykjavík. Viku síðar tók breski herinn land á Akureyri. Í Krossanesborgum má víða sjá minjar frá seinni heimsstyrjöldinni 1940-45. Herinn, fyrst sá breski en síðan ameríski, var með bækistöð sunnan við Miðás og þar eru enn sýnilegir braggagrunnar. Víða á klapparholtum má sjá leifar af hlöðnum byrgjum og varðstöðvum. Skotgrafir eru t.d. utan í holtinu suðvestan við Stíflusund og austan í Háuklöpp við Hundatjörn. Leifar gaddavírsgerðingar sem borin var uppi af snúnum staurum eru t.d. sunnan við Startjörn og í mýrinni milli Svarðarklappar og Stekkjarklappar.

As a consequence of the Second World War the British army occupied Iceland on 10 May 1940, arriving first in Reykjavik and a week later in Akureyri. Many rememorizes of WW II can still be seen in Krossanesborgir. The military forces, first the British then U.S., had a base at Miðás where foundations of its barracks can still be seen. Remains of shelters and look-out points are visible by Stíflusund and on Háuklöpp by Hundatjörn as well as a barb wire fence south of Startjörn and in the marshland between Svarðarklappir and Stekkjarklappir.

